



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 21. apríl 2010

### Breytingar á reglugerðum KSÍ

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 20. apríl breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Samþykkt breyting er hér meðfylgjandi og eru aðildarfélög hvött til að kynna sér þessa breytingu.

### Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

*Gildandi grein 39.1.*

39.1. Lið, sem ekki mætir til leiks og hefur engar gildar ástæður, telst hafa tapað leiknum 0-3. Viðkomandi lið getur ekki orðið sigurvegari í yfirstandandi móti eða riðli, getur ekki flust í næstu deild eða riðil fyrir ofan næsta keppnistímabil og getur ekki varist falli, þurfi markamismunur að skera úr um röð neðstu liða. Viðkomandi leikur getur heldur ekki ráðið úrslitum er grípa þarf til markamismunar við ákvörðun sætis hjá sigurvegaranum og skulu mörk í leikjum gegn því félagi, sem mætti ekki til leiks, ekki teljast með í slíkum tilfellum. Mótanefnd skal haga niðurröðun í næsta móti þannig, að lið sem ekki hefur mætt til leiks án gildra ástæðna, fái ekki leik á heimavelli gegn viðkomandi liði.

*Ný grein 39.1.*

*Breyting ská- og feitletruð.*

39.1. Lið, sem ekki mætir til leiks og hefur engar gildar ástæður, telst hafa tapað leiknum 0-3. Viðkomandi lið getur ekki orðið sigurvegari í yfirstandandi móti eða riðli, **getur ekki tekið þátt í úrslitakeppni**, getur ekki flust í næstu deild eða riðil fyrir ofan næsta keppnistímabil og getur ekki varist falli, þurfi markamismunur að skera úr um röð neðstu liða. Viðkomandi leikur getur heldur ekki ráðið úrslitum er grípa þarf til markamismunar við ákvörðun sætis hjá sigurvegaranum og skulu mörk í leikjum gegn því félagi, sem mætti ekki til leiks, ekki teljast með í slíkum tilfellum. Mótanefnd skal haga niðurröðun í næsta móti þannig, að lið sem ekki hefur mætt til leiks án gildra ástæðna, fái ekki leik á heimavelli gegn viðkomandi liði

*Greinargerð:* Í áður gildandi ákvæði var ekki nægjanlega skýrt að lið sem ekki mætir til leiks og hefur ekki gildar ástæður getur ekki tekið þátt í úrslitakeppni. Í nýrri grein er skýrt að mæti lið ekki til leiks og hefur ekki til þess gildar ástæður getur ekki tekið þátt í úrslitakeppni og ef sú staða kemur upp mun það lið sem næst kemur viðkomandi liði taka sæti í úrslitakeppni.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson  
framkvæmdastjóri KSÍ